

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/38/07

frá 15. apríl 2005

um tímabundin viðskipti með tiltekið fræ af tegund sojabauna, *Glycine max*, sem uppfyllir ekki kröfur í tilskipun ráðsins 2002/57/EB (\*)

(tilkynnt með númeri C(2005) 1137)

(2005/310/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

á ökrum til fræræktar og jafngildi fræs sem er framleitt í þriðju löndum <sup>(2)</sup>.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

5) Rétt er að Austurríki sé samræmingaraðili til þess að tryggja að heildarmagn fræs, sem er leyft samkvæmt þessari ákvörðun, fari ekki yfir það hámarksmagn sem fellur undir þessa ákvörðun.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 21. gr.,

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í Austurríki er ekki fyrir hendi nægilegt magn af sojabaunafræi (*Glycine max*) sem hentar veðurskilyrðum þar og fullnægir kröfum um spírunarhæfni samkvæmt tilskipun 2002/57/EB og þar af leiðandi er ekki hægt að fullnægja þörfum þessa aðildarríkis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

2) Ekki er unnt að anna eftirspurn eftir fræi þessarar tegundar svo vel sé með fræi frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum sem fullnægir öllum kröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/57/EB.

Setning sojabaunafræs (*Glycine max*), sem fullnægir ekki kröfum um lágmarksspírunarhæfni sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/57/EB, á markað í Bandalaginu skal leyfð á tímabili sem lýkur 15. júní 2005 í samræmi við skilmálana sem eru settir fram í viðaukanum við þessa ákvörðun og með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:

3) Því ber að veita Austurríki heimild til að leyfa að sáðkorn þessarar tegundar sé sett á markað og gildi um það vægari kröfur á tímabili sem lýkur 15. júní 2005.

a) spírunarhæfnin skal vera a.m.k. eins og sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun,

4) Auk þess ber að heimila öðrum aðildarríkjum, sem eru í aðstöðu til að útvega Austurríki fræ þessarar tegundar, að leyfa setningu slíks fræs á markað án tillits til þess hvort fræinu er safnað í aðildarríki eða þriðja landi sem fellur undir ákvörðun ráðsins 2003/17/EB frá 16. desember 2002 um jafngildi skoðana sem fara fram í þriðju löndum

b) á opinbera merkimiðanum skal tilgreina þá spírunarhæfni sem staðfest er í opinberri athugun sem fer fram skv. f- og g-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/57/EB,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2005 frá 2. desember 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 10, 23.2.2006, bls. 11.

(<sup>1</sup>) Stjtuð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/117/EB (Stjtuð. ESB L 14, 18.1.2005, bls. 18).

c) fræið skal í fyrsta sinn hafa verið sett á markað í samræmi við 2. gr. þessarar ákvörðunar.

(<sup>2</sup>) Stjtuð. EB L 8, 14.1.2003, bls. 10. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 885/2004 (Stjtuð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 1).

## 2. gr.

Allir fræbirgjar, sem óska eftir því að setja á markað fræ, sem um getur í 1. gr., skulu sækja um leyfi til þess hjá aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu eða stunda innflutning. Hlutaðeigandi aðildarríki skal heimila fræbirginum að setja fræið á markað nema:

- fyrir hendi séu nægar vísbendingar til að efast um að fræbirgirinn geti sett á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir eða
- heildarmagnið, sem er leyft að setja á markað samkvæmt viðkomandi undanþágu, fari yfir það hámarks magn sem er tilgreint í viðaukanum.

## 3. gr.

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru stjórnsýsluástoð við beitingu þessarar ákvörðunar. Austurríki skal vera samræmingaraðildarríki að því er varðar 1. gr. til þess að tryggja að leyfilegt heildarmagn fari ekki yfir hámarks magnið sem er tilgreint í viðaukanum.

Öll aðildarríki, sem taka við umsókn skv. 2. gr., skulu þegar í stað tilkynna samræmingaraðildarríkinu um það magn sem umsóknin tekur til. Samræmingaraðildarríkið skal þegar í stað upplýsa tilkynningarríkið um hvort leyfisveiting leiðir hugsanlega til þess að farið verði yfir hámarks magnið.

## 4. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn af fræi sem þau hafa veitt markaðsleyfi fyrir samkvæmt þessari ákvörðun.

## 5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. apríl 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Tegund	Tegund yrkis	Hámarks- magn (tonn)	Lágmarks- spúrunarhæfni (% af hreinu fræi)
Sojabaun <i>Glycine max</i>	(proskaflokkur: mjög snemmsprottið) Dolores Gallec, Merlin, OAC Érin	1 185	70
	(proskaflokkur: snemmsprottið) Amphor, Essor, Idefix, Kent, London	1 275	